



SLÁTURFÉLAG  SUÐURLANDS

ÁRSSKÝRSLA 2005

Skipulag Sláturfélags Suðurlands svf. 31.12.2005

Stjórn:

Jónas Jónsson, Kálfholti, formaður
Hallfreður Vilhjálmsson, Kambshóli, varaformaður
Sigurlaug Jónsdóttir, Hraunkoti, ritari
Aðalsteinn Guðmundsson, Húsatóftum II
Hreiðar Grímsson, Grímsstöðum

Varastjórn:

Kristinn Jónsson, Staðarbakka
Brynjólfur Ottesen, Ytra-Hólmi I
Ólafur Þorsteinn Gunnarsson, Giljum I
Björn Harðarson, Holti I
Guðmundur Jónsson, Reykjum

Félagskjörnir skoðunarmenn:

Arnór Karlsson, Arnarholti
Kristján Mikkelsen, Stóru-Mörk III

Varaskoðunarmenn:

Haraldur Sveinsson, Hrafnkelsstöðum
Sveinbjörn Jónsson, Stóru-Mörk I

Forstjóri:

Steinþór Skúlason

Forstöðumenn aðaldeilda:

Hjalti H. Hjaltason, fjármáladeild
Guðmundur Svavarsson, framleiðsludeild
Friðrik Eysteinnsson, markaðsdeild

Matthías H. Guðmundsson, framkvæmdastjóri Reykjaráðs hf.

Umsjón: Fjármáladeild SS

Hönnun: Think á Íslandi ehf.

Mynd á kápu: Öxarárfoss í Almannagjá - Hermann Sigurðsson

Ljósmyndir: Arnþór Birkisson

Prentvinnsla: Think á Íslandi ehf.

Prentað á umhverfisvænan pappír



Ársskýrsla 2005

SLÁTURFÉLAG SUÐURLANDS SVF.

99. starfsár

AÐALFUNDUR 31. MARS 2006

Efnisyfirlit

Ávarp forstjóra	2
Afkoma ársins	3
Rekstur megindeilda	3
Lykiltölur úr samstæðureikningi	8
Ársreikningur 2005	9
Áritun endurskoðenda	11
Skýrsla stjórnar	12
Rekstrarreikningur	13
Efnahagsreikningur	14
Sjóðstreymi	16
Skýringar með ársreikningi	17
Félagsdeildir og formenn	27
Starfshættir SS	28

ÁVARP FORSTJÓRA

Rekstur Sláturfélagsins gekk vel á liðnu ári. Hagræðing margra undanfarinna ára hefur lækkað kostnað félagsins og skilað samkeppnishæfara fyrirtæki. Félagið uppskar góða afkomu er innlendur kjötmarkaður rétti við.



Öllum má ljóst vera að innlendur landbúnaður og úrvinnslugreinar standa frammi fyrir hörðum kröfum um hagræðingu og lækkun kostnaðar.

Það er hægt að réttlæta hærra verð á landbúnaðarvörum vegna veðurfars, dreifbýlis og fámennis. En það er ekki hægt að réttlæta hærra verð vegna þess að hagræðingarmöguleikar eru ekki nýttir.

Til að landbúnaðurinn geti vænst áframhaldandi stuðnings verður að víkja skammtímasjónarmiðum til hliðar og horfa á landið sem eitt markaðssvæði. Þó að mikið hafi áunnist í hagræðingu eru enn möguleikar til lækkunar kostnaðar í slátrun og úrvinnslu og einnig í frumframleiðslu búanna. Umfang innlendrar landbúnaðarframleiðslu mun byggjast á því hversu vel tækifæri til hagræðingar verða nýtt.

Sláturfélagið vinnur hratt að framþróun nýrra vörulína til að mæta breytingum í neyslu. Mikil áhersla er einnig lögð á vélvæðingu og sjálfvirkni til að félagið standi öðrum frammar í lægri framleiðslukostnaði til að takast á við breytta tíma.

Félagsmönnum, starfsfólki og eigendum B hlutabréfa er þakkað gott samstarf á árinu.

AFKOMA ÁRSINS

Ársreikningurinn samanstendur af ársreikningi Sláturfélags Suðurlands svf. og dótturfélags þess Reykja-
garðs hf.

Á árinu 2005 var hagnaður af rekstri Sláturfélags Suðurlands 353,4 mkr. en var 101,5 mkr. árið áður.

Rekstrartekjur Sláturfélagsins á árinu 2005 voru 4.866,5 mkr. en 4.434,7 mkr. árið áður. Velta félagsins jókst því um 9,7% frá fyrra ári.

Vöru- og umbúðanotkun var 2.500,4 mkr. og hækkaði um 13,1% frá fyrra ári. Laun og starfsmannakostnaður nam 1.178,7 mkr. og hækkaði um 6,1% frá árinu áður. Önnur rekstrargjöld námu 800,4 mkr. og lækkuðu um 1,1% frá fyrra ári. Afskriftir voru 220,5 mkr. en voru 216,0 mkr. árið áður.

Rekstrarhagnaður ársins án fjármunatekna og fjármagnsgjalda var 194,5 mkr. en var 98,8 mkr. árið áður. Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur voru 48,4 mkr. en árið áður 24,4 mkr. Gengishagnaður nam 0,9 mkr. samanborið við 44,6 mkr. gengishagnað árið áður. Seldur var eignarhluti í Ferskum kjötvörum hf. og Mjólurfélagi Reykjavíkur hf., auk fasteignar að Laxá í Leirársveit og var hagnaður vegna þessa 200,2 mkr. Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaganna var jákvæð um 12,5 mkr. en árið áður neikvæð um 17,1 mkr. Að teknu tilliti til 10 mkr. hlutdeildar minnihluta í afkomu var hagnaður af rekstri 353,4 mkr. en 101,5 mkr. árið áður.

Í árslok 2005 voru heildareignir Sláturfélags Suðurlands bókfærðar á 3.577,7 mkr. og lækkuðu um 2,0% frá fyrra ári. Fastafjármunir voru 2.355,5 mkr. og hækkuðu um 1,8%. Veltufjármunir voru 1.222,2 mkr. og höfðu lækkað um 8,5%.

Eigið fé var 1.572,6 mkr. og hafði hækkað um 24,5% eða 309,6 mkr. Eiginfjárlutfall í lok ársins 2005 var 44,0% en var 34,6% á sama tíma árið áður. Langtímaskuldir og skuldbindingar voru 1.360,1 mkr. og skammtímaskuldir voru 645,1 mkr. Heildareignir Sláturfélagsins voru því fjármagnaðar þannig, að 18% voru skammtímalán, 38% voru langtímalán og skuldbindingar og eigið fé 44%. Veltufjárlutfall var 1,9 í árslok 2005, en var 1,8 í árslok 2004. Arðsemi eigin fjár var 24,9% á árinu 2005, en 8,3% árið 2004.

Fjárfest var í varanlegum rekstrarfjármunum fyrir alls 322,0 mkr. á árinu, en fyrir 181,5 mkr. árið áður. Vegna fasteigna var varið 143,0 mkr., 138,9 mkr. til kaupa á framleiðsluvélum og tækjum og 40,1 mkr. vegna bifreiða. Á árinu voru seldir fastafjármunir fyrir 52,6 mkr.

Veltufé frá rekstri var 355,3 mkr. árið 2005, samanborið við 144,7 mkr. árið 2004.

Í árslok 2005 störfuðu 380 starfsmenn hjá Sláturfélaginu sem er svipað og árið áður. Þegar starfsmenn voru flestir hjá félaginu í sláturtíð voru 517 á launaskrá. Unnin ársverk 2005 voru 415 og hafði fækkað um 16 frá árinu áður er þau voru 431.

Gengi hlutabréfa Sláturfélagsins var 1,8 í árslok 2005, en 1,0 í upphafi árs.

AFURÐIR


SAUÐFÉ

Sumarslátrun hófst 25. júlí og var slátrað 21.802 kindum. Þann 19. september hófst haustslátrun á Selfossi og lauk 15. desember. Haustslátrun var alls 87.366 fjár en önnur slátrun var 1.263 kindur. Alls var slátrað 110.431 kind á árinu, 1.759 tonn, og af þeim voru 3.422 kindur heimtekna. Meðalþungi innlagðra dilka var 15,2 kg, sama og árið 2004.

Á árinu 2005 voru flutt út tæplega 354 tonn ígildi DIA. Birgðir kindakjöts í eigu afurðadeildar í lok ársins voru 1.160 tonn á móti 1.856 tonnum árið áður.



Sauðfjárslátrun
1907 – 2005



NAUT

Heildarslátrun nautgripa árið 2005 var 882 tonn af 5.187 sláturgripum og þar af var heimtaka rúmlega 23 tonn. Þetta er 165 tonna minnkun frá fyrra ári.

Heildarsala nautakjöts á árinu 2005 var 868 tonn en var 1.040 tonn árið 2004.

Heildarverðmæti innlagðra nautgripaafurða á árinu 2005 var 265,5 mkr. en var 266,5 mkr. árið 2004.

Birgðir nautakjöts í eigu afurðadeildar voru 1 tonn í árslok en árið áður voru birgðir 5 tonn.

HROSS

Heildarslátrun hrossa árið 2005 var 233 tonn af 1.664 sláturgripum og þar af var heimtaka og verktakaslátrun um 82 tonn. Þetta er 74 tonna samdráttur í slátrun frá fyrra ári.

Heildarverðmæti innlagðra hrossaafurða á árinu 2005 var 16,3 mkr. en var 14,3 mkr. árið áður.

Heildarsala hrossakjöts á árinu 2005 var 152 tonn á móti 169 tonnum árið áður, þar af voru flutt út rúmlega 8 tonn umreiknað í kjöt í heilu.

Birgðir hrossakjöts í eigu afurðadeildar voru í árslok rúmlega 24 tonn en voru 13 tonn árið 2004.

SVÍN


Heildarslátrun svína árið 2005 var 587 tonn af 7.567 sláturgripum og þar af var heimtaka og verktakaslátrun um 36 tonn.

Heildarverðmæti innlagðra svínaafurða á árinu var 134,3 mkr. en var 121,1 mkr. árið áður.


Heildarsala svínakjöts á árinu 2005 var 552 tonn sem er 74 tonnum minna en árið 2004.

Birgðir svínakjöts í eigu afurðadeildar voru engar í árslok eins og árið áður.

Nautgripaslátrun
1907 – 2005



Hrossaslátrun
1907 – 2005



Fjöldi sláturfjár á slátruhús

	Fjöldi sláturfjár		Br. milli ára	
	2005	2004	stk	%
Klaustur	0	27.894	(27.894)	(100,0%)
Selfoss	110.431	106.039	4.392	4,1%
Samtals	110.431	133.933	(23.502)	(17,5%)

AFURÐAÐEILD

Veruleg breyting varð í starfsemi afurðadeildar á árinu þar sem öll slátrun stórgripa og sauðfjár var nú á einum stað á Selfossi eftir lokun hússins á Kirkjubæjarklaustri. Árið einkenndist einnig af litlu framboði á gripum til slátrunar og sáust þess einkum merki í nautgripum og svinum.

Miklar endurbætur voru gerðar á frystihúsi félagsins á Selfossi og má segja að húsnæði og vélbúnaður hafi verið endurnýjaður frá grunni. Þak frystigeymslunnar var fyrir löngu ónýtt og samhliða endurnýjun þess var ákveðið að hækka þak geymslunnar og endurnýja áratuga gamlan og úreltan frystibúnað. Niðurstaðan er bætt aðstaða, aukið geymslupláss, orkusparnaður og betri hraðfrysting, sem aftur leiðir til aukinna vörugæða.

Nokkrar endurbætur voru gerðar á sauðfjárliinu, sem miðuðu að því að auka afköst og bæta vinnuástöðu. Einnig var tekið í notkun nýtt innvigtunar- og kjötmatskerfi stórgripa og sauðfjár.

Sumarslátrun sauðfjár hófst í síðustu viku júlí og hefðbundin sláturtíð fyrri hluta september. Sú nýbreytni var tekin upp að staðgreiða ær fyrri hluta september og jók það nýtingu slátruhússins á þeim tíma, sem

samt sem áður hefði mátt vera betri. Slátrun gekk vel og fékkst leyfileg dagsslátrun aukin upp í 2.200 stk/dag. Verkun og vinnubrögð voru góð sem fyrr og byggðist upp á góðum mannskap. Mönnun byggðist á kjarna þrautreyndra íslenskra starfsmanna í bland við vaskan hóp útlendinga, sem hingað komu gagnert til að vinna í sláturtíðinni. Í þeim hópi voru sex sérhæfðir slátraras frá Nýja-Sjálandi sem fengnir voru gagnert til að innleiða ný vinnubrögð og auka fagmennsku í slátrun hjá félaginu.

Nokkur samdráttur varð í sauðfjárslátrun. Áætlanir höfðu gert ráð fyrir nokkrum samdrætti m.a. vegna riðuniðurskurðar í Árnessýslu, en auk þess leiddu aðrir þættir svo sem veðráttu til þess að bændur beindu innleggi sínu annað og því varð vetrarslátrun minni en gert hafði verið ráð fyrir.

Umræða um kjötmat var áberandi og með öllu ólíðandi að ósamræmi sé í kjötmati milli sláturhúsa, sem skaðar ræktunarstarf bænda og ruglar verðsamanburð milli sláturleyfishafa. Kjötmat er alfarið á ábyrgð Yfirkjötmats ríkisins og er sláturleyfishöfum óheimilt að hafa áhrif á störf einstakra matsmanna. Sláturfélagið gerði kröfu um breytt vinnubrögð yfirkjötmats og hefur það í framhaldinu komið fram með tillögur til úrbóta sem vonast er til að komi til framkvæmda næsta haust.

Eins og undanfarin ár voru lambagarnir hirtar til útflutnings á Selfossi og er sú vinnsla komin í fastar skorður og skapar verðmæti.

Stærstur hluti innmats og hausa er hirtur til manneldis. Hefðbundin slátursala fer minnkandi en vöxtur er í meira tilbúnum sláturafurðum svo sem sláturkössum með saumuðum keppum og söxuðum mör, tilbúnu slátri, sviðasultu o.þ.h.

Sölutregða var mikil á gærum og tilheyrandi verðfall á gærumörkuðum erlendis. Umtalsverður hluti gæra sat óseldur í birgðum um áramót og ljóst að það verð sem er í boði stendur ekki undir greiðslum til bænda, vinnslu og flutningum.

Gert hafði verið ráð fyrir umtalsverðri hækkun flutningskostnaðar sauðfjár að húsi vegna lengri flutninga í kjölfar lokunar Klausturhússins. Hækkun varð minni en áætlanir gerðu ráð fyrir og má þakka það góðu skipulagi, bættum tækjabúnaði, sem þó komst ekki allur í notkun og síðast en ekki síst góðu samstarfi og ósérhílfni, starfsmanna, bílstjóra, deildarstjóra og bænda.

Útflutningur fersks dillakjöts til Danmerkur á meðan slátrun stóð yfir gekk vel. Aukin úrvinnsla og þökkun í neytendapakkingar skilar lítilsháttar betra verði, sem þó nær alls ekki að vega upp á móti minni tekjum vegna sterkrar stöðu íslensku krónunnar. Mest var flutt út af dillakjöti til Danmerkur, Noregs og Japan.


Eins og fyrri ár gerði skoðunarmaður bandarískra stjórnvalda úttekt á sauðfjársláturhúsinu á Selfossi og stóðst húsið ytrustu kröfur. Var það ánægjuleg niðurstaða. Áfram fara kröfur til útflutningshúsa vaxandi og beinast kröfur í vaxandi mæli að utanaðkomandi öryggi, t.d. aðgengi manna að starfsstöðvum, flutningsleiðum og öðrum þáttum sem hafa ekki beinlínis áhrif á gæði vörunnar. Áfram þarf að leggja í kostnað til að uppfylla öll skilyrði.

Viðvarandi skortur á nautgripum leiddi til áframhaldandi verðhækkana og verulegs samdráttar í slátrun. Lítilsháttar samdráttur varð í svínslátrun, en framboð og eftirspurn eftir svínakjöti færir til jafnvægis. Nokkurrar tregðu hefur gætt í afsetningu hrossa og leitar félagið nýrra leiða í þeim efnunum.

Veruleg lækkun varð í kindakjötsbirgðum á árinu og gengu eftir spádómar um að félagið yrði birgðalítið eða nánast birgðalaust í byrjun sláturtíðar. Horfur á sölu kindakjöts eru áfram góðar.

Jákvæður árangur náðist á árinu í úrgangsmálum. Gerður var samningur við Fóðurstöð Suðurlands um aukna ráðstöfun úrgangs í loðýrafóður. Sorpstöð Suðurlands tók á leigu fyrrum eyðingarverksmiðju Förgunar og gerðu félagið og Sorpstöðin með sér samstarfssamning um sameiginlega lausn á móttöku og úrvinnslu slátur- og kjötvinnsluúrgangs. Með þessu vill félagið vera í fararbroddi um að ráðstafa slíkum úrgangi í umhverfisvænni farvegi í samræmi við lög og reglugerðir. Líklegt er að kostnaður vegna þessa fari áfram vaxandi og þar gerir félagið áfram þá sjálfsögðu kröfu til stjórnvalda að reglum sé framfylgt á sama hátt um land allt þannig að félagið sitji við sama borð og sláturleyfishafar í öðrum landshlutum.

Svínslátrun
1907 – 2005



AÐRAR DEILDIR

Afkoma kjötiðnaðar batnaði frá fyrra ári. Bætt nýting hráefna og aðhald á öllum sviðum skiluðu árangri, en veltuaukning þyrfti þó að vera meiri en raun ber vitni. Pylsuframleiðsla, grillkjöt, fjölbreytt áleggslína og 1944 réttirnir eru kjölfestan í framleiðslu kjötvinnslunnar.



Vöruþróunarferli félagsins var endurskoðað. Mikil vöruþróunarvinna átti sér stað í tengslum við skólamáltíðir og auk þess leit nokkur fjöldi nýjunga dagsins ljós á almennum markaði. Vænta má fleiri á næstu mánuðum.

Í svo stórri og öflugri kjötvinnslu sem félagið rekur á Hvolsvelli er verulegt óhagræði því samfara að framleiða breiða vörulínu með mörgum litlum lotustærðum. Því var markvisst unnið að því að fækka vörulíðum og hætta framleiðslu vara sem seljast svo lítið að þær eru óhagkvæmar í framleiðslu.

Kjötvinnsla félagsins á Hvolsvelli er mönnuð úrvals starfsfólki sem sumt hefur unnið þar árum saman og öðlast dýrmæta reynslu og þekkingu á störfum í kjötiðnaði. Mönnun verksmiðjunnar mótast samt sem áður af því þensluástandi sem ríkir í þjóðfélaginu og vaxandi hluti starfsmanna því af erlendu bergi brotinn, úrvals fólk sem sumt hefur sest hér að með fjölskyldum sínum og öðlast íslenskan ríkisborgararétt. Helst var skortur á starfsmönnum í kjötskurð og var því mætt tímabundið með sérhæfðum erlendum kjötskurðarmönnum.

Fjárfest var í nýjum tækjabúnaði er miðar að því að halda kjötvinnslunni á Hvolsvelli áfram í fararbroddi íslensks kjötiðnaðar.

Góður tækjabúnaður, gott hráefni, fagmennska, ásamt góðu starfsfólki mun áfram tryggja íslenskum neytendum úrvals matvörur frá Sláturfélagi Suðurlands.

Hafist var handa við að færa allar grillvörur SS undir sama útlit og gekk salan á grillkjöti vonum framar. 1944 vörulínan hélt einnig áfram að vaxa og SS vínarpylsurnar toppuðu í markaðshlutdeild í lok árs. Árangurinn var m.a. að þakka mjög vel heppnuðum auglýsingaherferðum þar sem fólk var annars vegar bent á að kaupa sér tíma með 1944 og hins vegar að "palsa sig".

Svínahamborgarhryggurinn frá SS þótti standa upp úr fyrir jólin og hangikjötið þótti ekki síðra. Hvort tveggja seldist afar vel.



Mjög mikil söluaukning var á Yara áburði milli ára. Bændur eru í auknum mæli að átta sig á gæðum Yara áburðar og hagkvæmni þess að kaupa einkorna áburð umfram aðra valkosti. Mjög óvenjuleg staða kom upp í vor þegar ljóst var að áburðarbirgðir í landinu voru ekki nægar til að mæta þörfum bænda. Brugðist var skjótt við með því að taka auka skipsfarm strax og síðan fylgt eftir með minni skömmtum þar til eftirspurninni var mætt.

Meiri stöðugleiki og jafnvægi ríkti á kjúklingamarkaðnum. Starfsemi Reykjagarðs hf. er að mestu leytí í Rangárvallarsýslu, á Hellu og á Ásmundarstöðum.

FJÖLDI SLÁTURFJÁR OG MEÐALÞUNGI DILKA

	2005		2004	
	stk.	kg.	stk.	kg.
Öræfadeild	3.699	16,6	4.195	15,9
Hörglandsdeild	5.158	14,8	7.024	15,5
Kirkjubæjardeild	6.601	15,4	7.485	15,8
Meðallandsdeild	2.989	14,5	3.258	14,6
Skaftártungudeild	4.294	14,7	5.342	15,8
Álftaversdeild	1.395	15,9	2.683	15,8
Hvamsdeild	2.816	15,8	2.720	15,2
Dyrhóladeild	2.747	14,4	2.986	14,1
A-Eyjafjalladeild	1.896	15,1	1.805	14,6
V-Eyjafjalladeild	4.160	14,8	4.160	14,7
A-Landeyjadeild	2.884	14,2	2.650	14,1
V-Landeyjadeild	3.438	14,8	3.166	14,5
Fljótshlíðardeild	5.434	15,0	4.903	14,7
Hvolhreppsdeild	438	15,0	391	14,9
Rangárvalladeild	4.776	14,7	4.686	14,7
Landmannadeild	2.627	14,4	1.882	14,0
Holtadeild	2.193	15,2	2.535	15,2
Ásadeild	2.037	15,0	2.281	15,0
Djúpárdeild	1.469	14,3	1.402	13,8
Gaulverjabæjardeild	447	16,2	1.601	15,1
Stokkseyrardeild	187	16,3	239	15,6
Sandvíkurdeild	461	17,2	362	16,9
Hraungerðisdeild	1.461	16,7	1.379	16,4
Villingaholtsdeild	1.258	16,0	1.244	15,6
Skeiðadeild	1.531	15,3	1.483	15,1
Gnúpverjadeild	1.718	17,0	1.930	16,5
Hrunamannadeild	4.191	15,7	3.882	15,9
Biskupstungnadeild	840	16,6	5.392	15,7
Laugardalsdeild	905	16,9	980	15,6
Grímsnesdeild	3.600	14,9	4.596	14,7
Þingvalla- og Grafningsdeild	4.512	15,3	4.230	15,3
Ölfusdeild	1.582	15,1	1.633	15,3
Kjalarnes- og Mosfellsdeild	867	16,0	903	15,8
Kjósardeild	2.541	15,2	2.621	14,8
Hvalfjarðarstrandardeild	1.748	15,7	1.655	15,0
Borgafjarðar- og Mýrardeild	7.004	14,9	8.244	14,5
Leirár- og Meladeild	2.577	16,7	3.145	15,4
Akranes- og Skilmannadeild	1.999	14,0	1.996	14,5
Snæfells- og Hnappadalsdeild	5.779	15,7	7.913	15,3
Daladeild	2.961	16,1	10.895	15,3
Utan deilda	1.211	16,2	2.056	15,4

LYKILTÖLUR

Rekstur	Samstæða		2003	2002	2001
	2005	2004			
Fjárhæðir í mkr.					
Rekstrartekjur	4.866,5	4.434,7	3.487,8	3.701,6	3.462,7
Aðrar tekjur	(27,9)	(10,4)	(6,7)	(7,2)	(5,5)
Vörunotkun	2.500,4	2.210,4	1.941,6	2.131,9	1.983,1
Laun og tengd gjöld	1.178,7	1.110,4	846,3	849,5	813,0
Annar rekstrarkostnaður	800,4	809,5	496,9	507,5	455,5
Afskriftir	220,4	216,0	154,8	154,4	147,0
Rekstrarhagnaður	194,5	98,8	54,9	65,5	69,6
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(48,5)	(24,4)	(32,4)	6,1	(124,3)
Söluhagnaður af hlutabréfum	184,9	44,3			
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	12,5	(17,1)	(57,4)	(45,0)	1,9
Hagn. (tap) fyrir aðra liði	343,4	101,6	(34,9)	26,6	(52,8)
Tekju- og eignarskattur		(0,1)	(2,6)	(7,6)	(5,8)
Hlutdeild minnihluta í afkomu	10,0				
Hagnaður (tap) ársins	353,4	101,5	(37,5)	19,0	(58,6)
Veltufé frá rekstri	355,3	144,7	189,0	171,3	159,7
Efnahagur 31. desember	2005	2004	2003	2002	2001
Fjárhæðir í mkr.					
Fastafjármunir	2.355,5	2.313,5	1.775,3	1.804,2	1.764,9
Veltufjármunir	1.222,2	1.335,5	1.069,4	1.127,6	1.159,8
Eignir samtals	3.577,7	3.649,0	2.844,7	2.931,8	2.924,7
Eigið fé	1.572,6	1.263,0	1.189,8	1.216,7	1.184,6
Þar af A og B-deild stofnsjóðs	383,8	380,5	409,1	411,2	419,3
Langtímaskuldir	1.360,0	1.653,9	906,8	864,3	845,5
Skammtímaskuldir	645,1	732,1	748,1	850,8	894,6
Skuldir samtals	2.005,1	2.386,0	1.654,9	1.715,1	1.740,1
Kennitölur					
EBITDA	414,9	314,8	209,7	219,9	216,6
Innra virði	4,1	3,3	2,9	3,0	2,8
Veltufjárlutfall	1,9	1,8	1,4	1,3	1,3
Eignfjárlutfall	44%	35%	42%	42%	41%
Ársverk					
Unnin ársverk	415	431	344	339	340

SLÁTURFÉLAG SUÐURLANDS SVF.

Ársreikningur samstæða

2005





ÁRITUN ENDURSKOÐENDA

Til stjórnar og eigenda í Sláturfélagi Suðurlands svf.

Við höfum endurskoðað ársreikning samstæðu Sláturfélags Suðurlands svf. og dótturfélags þess Reykjagarðs hf. fyrir árið 2005. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla en samkvæmt þeim skal skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé í meginatriðum annmarkalaus. Endurskoðunin felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2005, efnahag hennar 31. desember 2005 og breytingu á handbæru fé á árinu 2005, í samræmi við alþjóðlega reikningskilastaðla, eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Reykjavík, 24. febrúar 2006

Deloitte hf.

Halldór Arason, endurskoðandi

Arnór Eggertsson, endurskoðandi

Félagskjörnir skoðunarmenn

Arnór Karlsson

Kristján Mikkelsen

SKÝRSLA STJÓRNAR

Ársreikningur samstæðu Sláturfélags Suðurlands svf. fyrir árið 2005 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla og er þetta fyrsta árið sem félagið birtir reikning sinn með þeim hætti. Ársreikningar undanfarinna ára hafa verið gerðir í samræmi við lög um ársreikninga og íslenska reikningsskilavenju. Áhrif upptöku alþjóðlegu reikningsskilastaðlanna á eigið fé samstæðunnar eru þau að bókfært eigið fé í ársbyrjun 2005 lækkar um 39,6 millj.kr. Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning Sláturfélags Suðurlands og dótturfélags þess, Reykjagarðs hf. sem Sláturfélagið á 51% hlut í.

Hagnaður af rekstri Sláturfélags Suðurlands svf. á árinu 2005 nam 353 millj.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins 3.578 millj.kr., bókfært eigið fé í árslok er 1.543 millj.kr. og er eiginfjárlutfall samstæðunnar 44%. Sláturfélagið seldi á árinu eignarhluti í Ferskum kjötvörum hf. og í Mjólkurfélagi Reykjavíkur hf., auk fasteignar félagsins að Laxá í Leirársveit og er hagnaður vegna þessa um 200 millj.kr.

Stofnsjóðseign í A-deild er í árslok 204 millj.kr. og eiga 2.224 aðilar yfir kr. 1.000 í stofnsjóði, en þeir voru 2.209 árið áður. Stofnsjóðseign í B-deild er 200 millj.kr. sem skiptist á milli 577 hluthafa og fækkaði þeim um 12 frá síðasta ári. Enginn stofnsjóðseigandi á yfir 10% af stofnsjóði A-deildar, en tveir hluthafar eiga yfir 10% hlut í B-deild stofnsjóðs. Guðmundur A. Birgisson með 32,35% hlut og Ólafur Í. Wernersson með 22,76% hlut. Sláturfélag Suðurlands svf. á 9,96% hlut í B-deild stofnsjóðs eða 19,9 millj.kr. og er sú fjárhæð færð til lækkunar á stofnsjóðseign í B-deild meðal eiginfjárreikninga.

Stjórn félagsins leggur til við aðalfund að greiddur verði 14,5% arður af B-deild og reiknaðir 14,5% vextir á höfuðstól inneigna í A-deild stofnsjóðs, en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins og ráðstöfun hagnaðar.

Að álitum stjórnar og forstjóra Sláturfélags Suðurlands svf. koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu samstæðunnar í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Sláturfélagið fylgir ekki að öllu leyti leiðbeiningum Kauphallar um stjórnhætti fyrirtækja þar sem þær í veigamiklum atriðum taka ekki mið af starfsháttum samvinnufélaga, svo sem um óháða stjórnarmenn og kaupréttarákvæði.

Stjórn og forstjóri Sláturfélags Suðurlands svf. staðfesta hér með ársreikning samstæðu félagsins fyrir árið 2005 með undirritun sinni.

Reykjavík, 24. febrúar 2006

Stjórn

Jónas Jónsson, formaður
Aðalsteinn Guðmundsson
Brynjólfur Ottesen
Hreiðar Grímsson
Ólafur Þ. Gunnarsson

Forstjóri

Steinþór Skúlason

REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2005

	Skýr.	2005	2004
Rekstrartekjur	3	4.866.460	4.434.722
Aðrar tekjur		27.915	10.412
Vöru- og umbúðanotkun		(2.500.364)	(2.210.386)
Laun og tengd gjöld	4	(1.178.678)	(1.110.449)
Annar rekstrarkostnaður		(800.362)	(809.500)
Afskriftir	11	(220.452)	(216.023)
Rekstrarhagnaður		<u>194.519</u>	<u>98.776</u>
Fjármunatekjur	6	91.882	83.726
Fjármagnsgjöld	7	(140.314)	(108.106)
Hagnaður af sölu hlutabréfa	12	184.907	44.273
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	12	12.453	(17.100)
Hagnaður fyrir aðra liði		<u>343.447</u>	<u>101.569</u>
Tekjuskattur	8	0	(107)
Hlutdeild minnihluta í afkomu	2	9.985	0
Hagnaður ársins		<u><u>353.432</u></u>	<u><u>101.462</u></u>
Hagnaður á hlut			
Hagnaður á hverja krónu útistandandi stofnsjóða	9	<u><u>0,92</u></u>	<u><u>0,27</u></u>

EFNAHAGSREIKNINGUR

Eignir

	Skýr.	31.12.2005	31.12.2004
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	11	2.246.592	2.186.243
Eignarhlutar í félögum	12	67.904	89.833
Skuldabréfaeign	14	40.995	37.440
		<u>2.355.491</u>	<u>2.313.516</u>
Veltufjármunir			
Vörubirgðir	15	688.187	880.556
Skuldabréfaeign		6.422	6.950
Viðskiptakröfur	16	312.577	323.121
Aðrar skammtímakröfur	16	4.028	59.003
Handbært fé	16	211.008	65.807
		<u>1.222.222</u>	<u>1.335.437</u>
Eignir		<u><u>3.577.713</u></u>	<u><u>3.648.953</u></u>

31. DESEMBER 2005

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	31.12.2005	31.12.2004
Eigið fé			
Stofnsjóður A-deild		203.677	200.358
Stofnsjóður B-deild, hlutafé	17	180.074	180.160
Yfirverðsreikningur hlutafjár		159.111	159.111
Lögbundinn varasjóður		85.343	50.000
Annað eigið fé		<u>914.438</u>	<u>633.443</u>
	17	1.542.643	1.223.072
Hlutdeild minnihluta í eigin fé dótturfélaga	2	29.952	39.936
Eigið fé		<u>1.572.595</u>	<u>1.263.008</u>
Langtímaskuldir og skuldbindingar			
Langtímaskuldir	18	1.310.954	1.603.953
Eftirlaunaskuldbinding	19	<u>49.100</u>	<u>49.900</u>
		<u>1.360.054</u>	<u>1.653.853</u>
Skammtímaskuldir			
Skuldir við lánastofnanir	20	49.157	297.321
Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir	20	307.355	252.053
Næsta árs afborganir langtímaskulda	20	288.552	179.046
Ógreiddir reiknaðir skattar	8	<u>0</u>	<u>3.672</u>
		<u>645.064</u>	<u>732.092</u>
Skuldir		<u>2.005.118</u>	<u>2.385.945</u>
Eigið fé og skuldir		<u>3.577.713</u>	<u>3.648.953</u>

YFIRLIT UM SJÓÐSTREYMI ÁRSINS 2005

	Skýr.	2005	2004
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins	17	353.432	101.462
Afskriftir	11	220.452	216.024
Verðbætur og gengismunur eigna og skulda		(1.903)	(31.848)
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	2	(12.453)	17.100
Söluhagnaður fastafjármuna		(193.433)	(44.990)
Aðrir liðir		(10.785)	(113.014)
Veltufé frá rekstri		355.310	144.734
Vörubirgðir, lækkun		192.369	46.278
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur, lækkun (hækkun)		60.924	(30.516)
Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir, hækkun (lækkun)		56.536	(32.673)
Handbært fé frá rekstri		665.139	127.823
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir	11	(321.984)	(181.502)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir		52.615	132.089
Breyting á eignarhlutum í félögum	12	213.937	(34.793)
Arður frá hlutdeildarfélögum		2.446	3.349
Skuldabréfaeign, breyting		(1.686)	1.909
		<u>(54.672)</u>	<u>(78.948)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Skammtímalán við lánastofnanir, (lækkun)		(248.474)	(244.438)
Nýjar langtímaskuldir		79.949	907.377
Afborganir langtímaskulda		(262.881)	(801.723)
Innborgað hlutafé		0	95.897
Stofnsjóðsgreiðslur A-deild	17	(8.715)	(8.742)
Keypt B-deildar stofnsjóðsbréf	17	(85)	(11.873)
Arður af stofnsjóði B-deildar	17	(25.060)	0
		<u>(465.266)</u>	<u>(63.502)</u>
Hækkun (lækkun) handbærs fjár		145.201	(14.627)
Handbært fé í upphafi árs		65.807	16.221
Handbært fé frá dótturfélagi		0	64.213
Handbært fé í lok árs		<u>211.008</u>	<u>65.807</u>

SKÝRINGAR

I. Starfsemi

Sláturfélag Suðurlands svf. er samvinnufélag, í eigu búvöruframleiðenda á félagssvæði sínu og almennra hluthafa. Félagið starfar á grundvelli laga um samvinnufélög nr. 22/1991. Félagssvæði Sláturfélagsins skv. samþykktum er Vestur-Skaftafellssýsla, Austur-Skaftafellssýsla austur að Jökulsá á Breiðamerkursandi, Rangárvallasýsla, Árnassýsla, Kjósar- og Gullbringusýsla, Borgarfjarðarsýsla, Mýrarsýsla, Snæfells- og Hnappadalssýsla og Dalasýsla auk bæja og kaupstaða innan framangreindra svæða.

Tilgangur félagsins er skv. samþykktum, að annast slátrun, úrvinnslu og sölu á framleiðslu félagsmanna. Félagið flytur einnig inn vörur og stundar aðra verslun eftir því sem það styrkir sölu á framleiðslu félagsins.

Með hliðsjón af tilgangi félagsins og stöðu þess er höfuðmarkmið félagsins að vera leiðandi matvælafyrirtæki sem starfar á heildsölustigi og dreifir vörum á landsvísi. Félagið starfar á þremur sviðum, slátrun, kjötiðnaði og innflutningi matvæla.

Sláturfélag Suðurlands svf. er með höfuðstöðvar að Fosshálsi 1, Reykjavík. Að Fosshálsi eru skrifstofu, markaðs- og söludeildir ásamt dreifingu á öllum framleiðsluvörum félagsins og innflutningi. Á Hvolsvelli er meginhluti kjötiðnaðar staðsettur ásamt frystihúsi. Félagið rekur sláturhús á Selfossi ásamt úrbeiningu á kjöti og þökkunarstöð.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur samstæðu Sláturfélags Suðurlands svf. fyrir árið 2005 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) sem staðfestir hafa verið af Evrópusambandinu. Þetta er fyrsti ársreikningur samstæðunnar samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Upplýsingar um áhrif breytinga við innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðlanna á fjárhagsstöðu og afkomu samstæðunnar er að finna í skýringu nr. 21 og hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til samræmis.

Við gerð samstæðureikningsins þurfa stjórnendur í samræmi við góða reikningsskilavenju að gefa sér forsendur og framkvæma ýmis mót sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld ársins. Raunveruleg verðmæti kunna að vera með öðrum hætti en mat stjórnenda.

Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og fjárhæðir birtar í þúsundum. Hann byggir á upphaflegu kostnaðarverði, að því undanskyldu að veltufjáreignir eru færðar á gangvirði. Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

Samstæða

Ársreikningur samstæðunnar tekur til ársreiknings móðurfélagsins og ársreikninga félaga sem eru undir stjórn þess (dótturfélög) á reikningsskiladegi. Ráðandi yfirstjórn í fyrirtækjunum fæst með því að móðurfélagið hefur vald til þess að ákveða fjármála- og rekstrarstefnu þeirra, í því skyni að hafa hag af rekstri þeirra.

Í árslok 2004 sameinaði Sláturfélag Suðurlands svf. dótturfélag sitt SS Eignir ehf., Reykjagarði hf. sem m.a. rekur kjúklingasláturhús og kjötvinnslu á Hellu. Samhliða sameiningunni var félagið fjárhagslega endurskipulagt og m.a. var hlutfé Reykjagarðs hf. aukið og er að því loknu 195,7 millj.kr. Eftir aukningu hlutfjár á Sláturfélagið 51% í Reykjagarði hf., en áður var eignarhlutinn 100%.

Samstæðan er samin í samræmi við kaupverðsreglu og í því tilviki sem eignarhald í dótturfélagi er minna en 100% er færð upp hlutdeild minnihluta í eigin fé og rekstrarafkomu. Þar sem hlutdeild minnihluta nemur óverulegum fjárhæðum er hún ekki sýnd sérstaklega í ársreikningnum.

Fjárhæðir eru í þús. kr.

SKÝRINGAR

Meðal markmiða samstæðureikningsskilanna er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar eytt út við gerð reikningsskilanna. Ef við á eru gerðar leiðréttingar á reikningsskilum dótturfélaga til að samræma þau við reikningsskilaaðferðir samstæðunnar.

Hlutdeildarfélag

Hlutdeildarfélag eru félag þar sem móðurfélagið er í aðstöðu til að hafa áhrif á stjórnun þeirra með því að taka þátt í ákvörðunartöku um fjármála- og rekstrarstefnu. Ársreikningurinn inniheldur hlutdeild í afkomu og eiginfjárstöðu hlutdeildarfélaga.

Áhættustjórnun

Almenn stefna félagsins er að takmarka gjaldeyris- og vaxtaáhættu. Félagið er með framvirka gjaldmiðla- og valréttarsamninga í þeim tilgangi að takmarka gengisáhættu en þeir fela í sér skuldbindingar um gjaldeyrisviðskipti á föstu gengi. Einnig er félagið með vaxtaskiptasamninga. Breytingar á gangvirði afleiðusamninga eru færðar í rekstrarreikning. Áhætta félagsins gagnvart innheimtu viðskiptakrafna er metin eðlileg, en viðskiptakröfur eru niðurfærðar til að mæta kröfum sem kunna að tapast.

Skráning tekna

Tekjur af vörusölu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar og eignarréttur hefur færst yfir til kaupanda. Vörusalan er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttar.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Leigusamningar

Leigusamningar eru flokkaðir sem fjármögnunarleigusamningar þegar samningsskilmálar gera ráð fyrir að verulegur hluti áhættunnar og hagur af eignarréttindum sé framseldur leigukaupa. Eignir samkvæmt fjármögnunar- og kaupleigusamningum eru færðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna og afskrifaðar á líftíma þeirra. Skuldbinding við leigusala er færð til skuldar í efnahagsreikningi. Aðrir leigusamningar eru flokkaðir sem rekstrarleigusamningar og leigugreiðslur gjaldfærðar á því tímabili sem þær tilheyra.

Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningstímabils. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Skattamál

Útreikningur tekjuskatts byggist á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 18%. Samstæðan kemur ekki til með að greiða tekjuskatt vegna ársins 2005 vegna yfirfæranlegt taps.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýttast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar á áreiðanlegan hátt. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni á viðeigandi stað og í tekjuhæft ástand.

SKÝRINGAR

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu. Eignir þar sem eignarréttur er bundinn fjármögnunarleigusamningum eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma á sama grunni og eignir með fullum eignarrétti. Hagnaður eða tap vegna sölu eignar er mismunur á milli söliverðs og bókfærðs verðs eignarinnar á söludegi.

Verðbréf

Skuldabréf og aðrar langtímakröfur sem ætlun er að eiga fram á gjalddaga eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Markaðsverðbréf eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtíma-verðbreytingum. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsverði og færast matsbreyting í rekstrarreikning á því tímabili sem þær falla til.

Skuldabréf í eigu samstæðunnar eru viðskiptabréf vegna rekstrar, en ekki markaðs- eða fjárfestingaverðbréf.

Birgðir

Afurðabirgðir og aðrar vörur í vinnslu eru eignfærðar á kostnaðarverði og framleiðsluverði eða dagverði hvort sem lægra reynist að teknu tilliti til úreltra og gallaðra vara. Rekstrarvörur og aðrar birgðir eru eignfærðar á kostnaðarverði. Framleiðslukostnaður inniheldur hráefni, launakostnað og óbeinan kostnað vegna framleiðslunnar. Dagverð samsvarar áætluðu söliverði að frádregnum kostnaði við sölu og dreifingu.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast ef kröfur reynast ekki innheimtanlegar.

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok ársins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð yfir rekstrarreikning á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að samstæðan verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Kaupréttarsamningar

Samstæðan hefur ekki gert kaupréttarsamninga við stjórnendur, starfsmenn eða aðra aðila tengda rekstrinum.

3. Sala

Sala félagsins greinist þannig eftir mörkuðum:

	2005	2004
Sala innanlands	4.724.264	4.233.670
Sala erlendis	142.196	201.052
	4.866.460	4.434.722

SKÝRINGAR

4. Launamál

Laun og tengd gjöld greinast þannig:

	2005	2004
Laun	969.168	918.613
Launatengd gjöld og annar starfsmannakostnaður	209.510	191.836
	<u>1.178.678</u>	<u>1.110.449</u>

Meðalfjöldi starfa

415 431

Launakjör stjórnenda og eignarhlutur sundurliðast þannig:

	Laun, hlunnindi og tengd gjöld	Eignarhlutir í B-deild
Jónas Jónsson, stjórnarformaður	646	10
Aðrir stjórnarmenn (fjórir)	1.682	239
Steinþór Skúlason, forstjóri	18.327	1.172
Forstöðumenn megindeilda Sláturfélagsins og Reykjagarðs (fjórir)	47.343	0
	<u>67.998</u>	<u>1.421</u>

5. Þóknun til endurskoðenda

	2005	2004
Endurskoðun ársreiknings	2.552	2.104
Könnun árshlutareikninga	1.531	1.883
Önnur þjónusta	1.020	1.358
Kjörnir skoðunarmenn	225	192
	<u>5.328</u>	<u>5.537</u>

6. Fjármunatekjur

	2005	2004
Vaxtatekjur	87.138	77.818
Vaxtatekjur og verðbætur af skuldabréfaeign	4.144	5.668
Arður af hlutabréfaeign	600	240
	<u>91.882</u>	<u>83.726</u>

7. Fjármagnsgjöld

	2005	2004
Vaxtagjöld	(15.090)	(23.137)
Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum	(126.113)	(129.562)
Gengismunur	889	44.593
	<u>(140.314)</u>	<u>(108.106)</u>

8. Skattamál

Ekki kemur til greiðslu tekjuskatts á árinu 2006 vegna yfirfæranlegs skattalegs rekstrartaps hjá samstæðunni.

9. Hagnaður á hlut

Hagnaður á hverja krónu útistandandi stofnsjóða er reiknaður miðað við þær forsendur að A- og B-deildar stofnsjóðir í lok ársins eru lagðir saman og frá eru dregin eigin bréf Sláturfélagsins í B-deildinni. Samanlögðum stofnsjóðum er deilt upp í hagnað ársins.

Fjárhæðir eru í þús. kr.

SKÝRINGAR

10. Óefnislegar eignir

Við kaup Sláturfélagsins á Reykjagarði hf. í ársbyrjun 2004 myndaðist yfirverð sem fært var sem langtímakostnaður. Yfirverðið svaraði til þess mismunur sem var á kaupverði hlutabréfanna annars vegar og hlutdeildar félagsins í eiginfjárstöðu félagsins hins vegar. Á árinu 2004 var afskrift á yfirverði vegna Reykjagarðs hf. mætt að hluta með hækun á hlutfé Reykjagarðs. Eftirstöðvar eignfærðs langtímakostnaður vegna Reykjagarðs hf. voru í árlök 39,6 millj.kr. og er sú fjárhæð færð yfir eigið fé í leiðréttum efnahagsreikningi 31.12.2004.

11. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Fasteignir	Vélar, áhöld og innréttingar	Bifreiðir	Samtals
Kostnaðarverð				
Staða í ársbyrjun	2.687.780	1.903.468	146.798	4.738.046
Eignfært á árinu	142.954	138.910	40.121	321.985
Selt og aflagt á árinu	(34.540)	(32.604)	(39.920)	(107.064)
Staða í árslok	<u>2.796.194</u>	<u>2.009.774</u>	<u>146.999</u>	<u>4.952.967</u>
Afskriftir				
Staða í ársbyrjun	1.195.398	1.268.204	88.201	2.551.803
Afskrift ársins	80.020	129.556	10.876	220.452
Selt og aflagt á árinu	(7.418)	(32.603)	(25.859)	(65.880)
Staða í árslok	<u>1.268.000</u>	<u>1.365.157</u>	<u>73.218</u>	<u>2.706.375</u>
Bókfært verð				
Bókfært verð í ársbyrjun	<u>1.492.382</u>	<u>635.264</u>	<u>58.597</u>	<u>2.186.243</u>
Bókfært verð í árslok	<u>1.528.194</u>	<u>644.617</u>	<u>73.781</u>	<u>2.246.592</u>
Afskriftarhlutföll	2-4%	12-20%	8-15%	

Fasteignamat og váttryggingamat eigna félagsins í árslok greinist þannig:

	Fasteignamat	Váttrygginga- mat
Fasteignir og lóðir	1.500.708	3.637.097
Vélar og tæki, eignatryggingar		1.713.570
Aðrar lausafjártryggingar		62.007
Rekstrarstöðvunartrygging		1.565.046

Á eignum samstæðunnar hvíla þinglýst veð og skuldbindingar til tryggingar skuldum að eftirstöðvum 984 millj.kr. í árslok 2005.

SKÝRINGAR

12. Eignarhlutar í dóttur- og hlutdeildarfélögum

	Hlutdeild	Nafnverð	Meginstarfsemi
Eignarhlutar í dótturfélögum:			
Reykjagarður hf, Reykjavík	51,00%	99.811	Sala á kjúklingum
Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum:			
Ferskar kjötvörur ehf., Reykjavík (selt 2005)			Sala á nauta- og svínakjöti
Holt & Gott ehf., Reykjavík	50,00%	8.000	Sala á salati
Ísfugl ehf., Mosfellsbær	30,00%	4.982	Sala á kjúklingum
Guldfoss AS, Danmörku	100,00%	6600 dkr.	Sala á lambakjöti í Danmörku

Hagnaður af félögum sem tekin eru sem hlutdeildarfélög nam 12,5 millj.kr. á árinu 2005. Ferskar kjötvörur ehf. var hlutdeildarfélag fram í apríl, en þá var það selt. Starfsemi Guldfoss AS er óveruleg. Arður frá hlutdeildarfélögum nam 2,4 millj.kr. á árinu 2005.

Eignarhlutar í öðrum félögum er eignfærður á kostnaðarverði. Sláturfélagið seldi á árinu hlutafjareign sína í Mjólkurfélagi Reykjavíkur hf.

13. Eignarhlutar í félögum

	2005	2004
Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum	64.453	86.738
Eignarhlutar í öðrum félögum	3.451	3.095
	<u>67.904</u>	<u>89.833</u>

14. Skuldabréfaeign

Greining á skuldabréfaeign:

	2005	2004
Staða í ársbyrjun	43.947	47.797
Ný bréf á árinu	17.800	0
Innborganir á árinu	(16.170)	(5.540)
Verðbætur	1.341	1.690
Staða í árslok	46.918	43.947
Næsta árs afborgun.....	(5.923)	(6.507)
	<u>40.995</u>	<u>37.440</u>

Yfirlit yfir skuldabréfaeign:

	Vextir í %	2005	2004
Verðtryggð bréf	4,1-8,0%	42.532	42.575
Óverðtryggð bréf	10,0-15,5%	4.386	1.372
Staða í árslok		<u>46.918</u>	<u>43.947</u>

15. Vörubirgðir

	31.12.2005	31.12.2004
Afurðir, vörur í vinnslu og fullunnar vörur	530.966	717.272
Rekstrarvörur	65.689	77.233
Ýmsar birgðir	91.532	86.051
	<u>688.187</u>	<u>880.556</u>
Tryggingaverðmæti birgða	<u>688.187</u>	<u>880.556</u>

Fjárhæðir eru í þús. kr.

SKÝRINGAR

16. Aðrar peningalegar eignir

Viðskiptakröfur

	31.12.2005	31.12.2004
Innlendar viðskiptakröfur	346.764	348.908
Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast	(34.187)	(25.787)
	<u>312.577</u>	<u>323.121</u>

Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2005	31.12.2004
Fyrirframgreiddur kostnaður	1.445	458
Útistandandi krafa	0	24.650
Innborganir inn á fjárfestingar	0	16.426
Aðrar kröfur	2.583	17.469
	<u>4.028</u>	<u>59.003</u>

Handbært fé

	31.12.2005	31.12.2004
Sjóður og bankainnstæður	211.008	65.807
	<u>211.008</u>	<u>65.807</u>

17. Eigið fé

Stofnsjóður B-deild greinist þannig:

	Hlutfall	Fjárhæð
Heildarhlutafé í árslok	100,00%	200.000
Eigin hlutir í árslok	-9,96%	(19.926)
	<u>90,04%</u>	<u>180.074</u>

Yfirlit yfir eiginfjárreikninga:

	Stofnsjóður A-deild	Stofnsjóður B-deild	Yfirverðsreikn- ingur hlutafjár	Lögbundinn varasjóður	Annað eigið fé
Eigið fé 1.1.2004	209.100	200.000	159.111	50.000	571.584
Stofnsjóðsinngreiðslur A-deild .	5.201				(3)
Stofnsjóðsútgreiðslur A-deild ...	(13.943)				
Eigin bréf í B-deild mf.....					
af veltufjármunum		(7.940)			
Keypt bréf í B-deild stofnsjóðs .		(11.900)			
Hagnaður ársins					101.462
Eigið fé 31.12.2004	200.358	180.160	159.111	50.000	673.043
Uptaka alþjóðlegra staðla					(39.600)
Leiðrétt eigið fé 31.12.2004	200.358	180.160	159.111	50.000	633.443
Stofnsjóðsinngreiðslur A-deild .	5.446				(12)
Stofnsjóðsútgreiðslur A-deild ...	(12.947)				
Vextir af stofnsjóði A-deildar.....	10.820				(12.022)
Keypt bréf í B-deild stofnsjóðs .		(86)			
Arður af stofnsjóði B-deildar					(25.060)
Hagnaður ársins					353.432
Tillag í varasjóð				35.343	(35.343)
Eigið fé 31.12.2005	<u>203.677</u>	<u>180.074</u>	<u>159.111</u>	<u>85.343</u>	<u>914.438</u>

Fjárhæðir eru í þús. kr.

SKÝRINGAR

18. Langtímaskuldir

Yfirlit yfir langtímaskuldir:

	Vextir í %	31.12.2005	31.12.2004
Skuldir í EUR,	3,9-4,4%	154.149	208.440
Skuldir í USD	5,9-6,4%	130.699	206.121
Skuldir í CHF	2,5-2,8%	128.679	157.747
Skuldir í JPY	1,5-1,7%	64.738	81.574
Skuldir í GBP	6,1-6,3%	57.115	75.289
Skuldir í myntkórðu	8,0%	27.832	20.465
		<u>563.212</u>	<u>749.636</u>
Verðtryggð lán í ÍSK	2,3-8,8%	836.294	833.363
Óverðtryggð lán í ÍSK	11,7%	200.000	200.000
		<u>1.599.506</u>	<u>1.782.999</u>
Næsta árs afborganir langtímaskulda		(288.552)	(179.046)
Langtímaskuldir í árslok		<u>1.310.954</u>	<u>1.603.953</u>

Langtímaskuldir greinast þannig:

	31.12.2005	31.12.2004
Skuldir við lánastofnanir	1.533.414	1.735.333
Skuldir vegna fjármögnunarleigusamninga	30.238	24.115
Skuldir við aðra	35.854	23.551
	<u>1.599.506</u>	<u>1.782.999</u>

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

	31.12.2005	31.12.2004
Afborganir 2006 / 2005	288.552	179.046
Afborganir 2007 / 2006	315.458	316.602
Afborganir 2008 / 2007	286.744	326.262
Afborganir 2009 / 2008	75.095	285.076
Afborganir 2010 / 2009	66.917	77.298
Afborganir síðar	566.740	598.715
	<u>1.599.506</u>	<u>1.782.999</u>

19. Eftirlaunaskuldbinding

Á félaginu hvílir skuldbinding vegna eftirlaunasamninga við starfsmenn félagsins. Miðað við 3% vextir er núvirði eftirlaunaskuldbindingar 49,1 millj.kr. og er hún færð til skuldar í efnahagsreikningi. Samkvæmt útreikningum á eftirlaunaskuldbindingu ná greiðslur á henni allt til ársins 2017.

20. Aðrar peningalegar skuldir

Skuldir við lánastofnanir

	31.12.2005	31.12.2004
Skammtímaskuldir við banka	0	278.040
Áfallnir vextir langtímalána	49.157	19.281
	<u>49.157</u>	<u>297.321</u>

SKÝRINGAR

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

	31.12.2005	31.12.2004
Viðskiptaskuldir	172.887	186.034
Samþykktir vixlar	12.878	8.613
Ógreitt vegna launa og tengdra gjalda	30.925	25.844
Ógreitt vegna virðisaukaskatts	74.759	6.390
Ýmsar skuldir	15.906	15.013
	<u>307.355</u>	<u>241.894</u>

Næsta árs afborganir langtímaskulda

	31.12.2005	31.12.2004
Skuldir við lánastofnanir	269.278	163.391
Fjármögnunarleigusamningar	14.464	11.356
Aðrar langtímaskuldir	4.810	4.299
	<u>288.552</u>	<u>179.046</u>

21. Breytingar vegna yfirfærslu yfir í alþjóðlega reikningsskilastaðla

Eins og fram hefur komið er þetta fyrsta árið sem samstæðan gerir reikningsskil sín í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS). Áhrif upptöku alþjóðlegra reikningsskilastaðla á reikningsskil samstæðunnar eru þau að yfirverð sem myndaðist við kaup félagsins á Reykjararði á árinu 2004, stenst ekki virðisrýrnunarpróf og eru því eftirstöðvar yfirverðs í árslok 2004 fært yfir eigið fé í leiðréttu eiginfjárfirliti 31.12.2004. Yfirverðið var ekki til staðar á árinu 2003 og þarf því ekki að leiðrétta eiginfjárstöðu samstæðunnar 1.1.2004. Yfirverðið var ekki afskrifað í ársreikningi samstæðu Sláturfélagsins á árinu 2004. Ekki er því um að ræða breytingar á niðurstöðu rekstrarreiknings eða sjóðstreymi, nema að aðrar tekjur eru færðar á milli liða sem og niðurfærsla vegna hlutdeildarfélaga.

Efnahagsreikningur 31.12.2004:

	Áður birtur efnahags- reikningur	Áhrif innleiðingar IFRS	Efnahagsr. samkvæmt IFRS
Eignir:			
Langtímakostnaður / yfirverð.....	39.600	(39.600)	0
Varanlegir rekstrarfjármunir.....	2.186.243		2.186.243
Áhættufjármunir og langtímakröfur.....	127.273		127.273
Veltufjármunir.....	1.335.437		1.335.437
Eignir samtals	<u>3.688.553</u>	<u>(39.600)</u>	<u>3.648.953</u>
Eigið fé:			
Stofnsjóður A og B-deild.....	380.518		380.518
Yfirverðsreikningur hlutafjár	159.111		159.111
Lögbundinn varasjóður.....	50.000		50.000
Annað eigið fé.....	673.043	(39.600)	633.443
	<u>1.262.672</u>	<u>(39.600)</u>	<u>1.223.072</u>
Skuldir:			
Langtímaskuldir og skuldbindingar	1.693.789		1.693.789
Skammtímaskuldir	732.092		732.092
Eigið fé og skuldir samtals	<u>3.688.553</u>	<u>(39.600)</u>	<u>3.648.953</u>

SKÝRINGAR

Rekstrarreikningur 2004:

	Áður birtur rekstrar- reikningur	Áhrif innleiðingar IFRS	Rekstrarr. samkvæmt IFRS
Sölutekjur.....	4.445.134	(10.412)	4.434.722
Aðrar tekjur.....	0	10.412	10.412
Vöru- og umbúðanotkun.....	(2.210.386)		(2.210.386)
Laun og tengd gjöld.....	(1.110.449)		(1.110.449)
Annar rekstrarkostnaður.....	(809.500)		(809.500)
Afskriftir.....	(216.023)		(216.023)
Rekstrarhagnaður	98.776	0	98.776
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.....	(32.780)	8.400	(24.380)
Hagnaður af sölu hlutabréfa.....	52.673	(8.400)	44.273
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага.....	(17.100)		(17.100)
Reiknaðir skattar.....	(107)		(107)
Hagnaður ársins	101.462	0	101.462

Sjóðstreymi 2004:

	Áður birt sjóðstreymi	Áhrif innleiðingar IFRS	Sjóðstreymi samkvæmt IFRS
Hagnaður ársins.....	101.462		101.462
Afskriftir.....	216.024		216.024
Verðbætur og gengismunur eigna og skulda.....	(31.848)		(31.848)
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага.....	17.100		17.100
Niðurfærsla á hlutabréfaeign.....	8.400	(8.400)	0
Hagnaður af sölu eigna.....	(53.390)	8.400	(44.990)
Aðrar breytingar.....	(113.014)		(113.014)
Veltufé frá rekstri	144.734	0	144.734

22. Ábyrgðir og önnur mál

Samstæðan er með framvirka gjaldmiðla- og valréttarsamninga í þeim tilgangi að takmarka gengisáhættu, en þeir fela í sér skuldbindingar um gjaldeyrisviðskipti á föstu gengi. Einnig er samstæðan með vaxtaskiptasamninga. Gjaldmiðlasamningar í lok árs 2005 eru að verðmæti um 480 millj.kr.

Samstæðan hefur gert rekstrarleigusamninga vegna bifreiða sem ekki eru færðir í efnahagsreikning. Eftirstöðvar samninganna í árslok 2005 nemur 18 millj.kr. og koma um 7,9 millj.kr. til greiðslu á næsta ári.

23. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundi þann 24. febrúar 2006.

FÉLAGSDEILDIR OG FORMENN 31.12.2005

ÖRÆFADEILD	Gunnar Sigurjónsson, Litla-Hofi
HÖRGLANDSDEILD	Jón Jónsson, Prestsbakka
KIRKJUBÆJARDEILD	Sverrir Gíslason, Kirkjubæjarklaustri 2
MEDALLANDSDEILD	Guðni Már Sveinsson, Melhóli
SKAFTÁRTUNGUDEILD	Guðgeir Sumarliðason, Austurhlíð
ÁLFTAVERSDEILD	Salvar Júlíusson, Jörvík I
HVAMMSDEILD	Finnbogi Gunnarsson, Suður-Fossi
DYRHÓLADEILD	Einar Magnússon, Norður-Hvoli
A-EYJAFJALLADEILD	Sigurður Sigurjónsson, Ytri-Skógum
V-EYJAFJALLADEILD	Baldur Björnsson, Fitjamýri
A-LANDEYJADEILD	Eiríkur Davíðsson, Kanastöðum
V-LANDEYJADEILD	Brynjólfur Bjarnason, Lindartúni
FLJÓTSHLÍÐARDEILD	Kristinn Jónsson, Staðarbakka
HVOLHREPPSDEILD	Jón Bruno Ingvarsson, Markaskarði
RANGÁRVALLADEILD	Þórir Jónsson, Selalæk
LANDMANNADEILD	Páll Sigurjónsson, Galtalæk
HOLTAEILD	Hermann Sigurjónsson, Raftholti
ÁSADEILD	Ísleifur Jónasson, Kálfholti
DJÚPÁRDEILD	Óskar Ólafsson, Bjóluhjáleigu
GAULVERJABÆJARDEILD	Þorsteinn Ágústsson, Syðra-Velli
STOKKSEYRARDEILD	Björn Harðarson, Holti I
SANDVÍKURDEILD	Guðmundur Lárusson, Stekkjum 2
HRAUNGERÐISDEILD	Þormóður Ólafsson, Hjálmholti
VILLINGAHOLTSDEILD	Einar Hermundsson, Egilsstaðakoti
SKEIÐAEILD	Ingvar Hjálmarsson, Fjalli 2
GNÚPVERJADEILD	Hjalti Gunnarsson, Fossnesi
HRUNAMANNADEILD	Jóhanna Bríet Ingólfssdóttir, Hrafnkelsstöðum I
BISKUPSTUNGNADEILD	Kjartan Sveinsson, Bræðratungu
LAUGARDALSDEILD	Friðgeir Stefánsson, Laugardalshólum
GRÍMSNESDEILD	Tómas Brandsson, Ormsstöðum
ÞINGVALLA- OG GRAFNINGSDEILD	Sigurður Hannesson, Villingavatni
ÖLFUSDEILD	Halldór Guðmundsson, Hvammi
KJALARNES- OG MOSFELLSDEILD	Guðmundur Jónsson, Reykjum
KJÓSARDEILD	Hreiðar Grímsson, Grímsstöðum
HVALFJARÐARSTRANDARDEILD	Matthías Sigurðsson, Hrafnabjörgum I
BORGARFJARÐAR- OG MÝRARDEILD	Sigurður Jakobsson, Varmalæk
LEIRÁR- OG MELAEILD	Sigurður Valgeirsson, Neðra-Skarði
AKRANES- OG SKILMANNADEILD	Brynjólfur Ottesen, Ytra-Hólmi I
SNÆFELLS- OG HNAPPADALSDEILD	Sigurður Þ. Helgason, Hraunholtum
DALAEILD	Jónas Guðjónsson, Hömrum

STARFSHÆTTIR SS

Í gegnum tíðina hafa skapast og verið skapaðar hefðir um það hvernig starfsmenn félagsins vinna að markmiðum sínum. Í samkeppni á markaði leggur félagið áherslu á eftirfarandi starfshætti sem mikilvæga eiginleika SS fólks.

Þessir starfshættir eru hluti af því sem við erum og með mikilvægari þáttum í rekstri félagsins sem stuðla að velgengni.

Starfsháttum okkar viljum við skipta í fimm þætti sem eru eftirfarandi :

FRUMKVÆÐI

Til að halda forystu á markaði þarf frumkvæði. Frumkvæði til að gera nýja hluti, vera leiðandi. Á markaði látum við hlutina gerast með nýjum vörum, nýrri þjónustu og bjóðum viðskiptavinum okkar verðmæti í viðskiptum sem taka fram því sem keppinautar bjóða. Með þeim hætti einum getum við tryggt stöðu okkar.

Inn á við höfum við frumkvæði til að gera sífellt betur. Jafnt stjórnendur sem aðrir starfsmenn. Ekkert er gert eingöngu af því að það hafi alltaf verið gert eins áður. Umhverfið breytist í sífellu og við þurfum að breytast með og á undan öðrum. Það eina sem breytist ekki er þörfin á sífelldri endurskoðun, sífelldum breytingum.

Við höfum frumkvæði til að leita nýrra leiða til að auðvelda okkur verkin og skapa aukin verðmæti starfsfólki og fyrirtæki til góða.

SAMVINNA

Heildin er sterkari en einstaklingarnir. Með því að vinna saman að sameiginlegu markmiði náum við árangri. Fyrirtækið er óslitin keðja þar sem reynir á hvern hlekk. Samvinna deilda, samvinna starfsmanna skapar árangursríkan og skemmtilegan vinnustað. Við stefnum fram á við og viljum vaxa í starfi og njóta til þess samvinnu og stuðnings fyrirtækisins.

Í keppni á markaði erum við metin sem heild og það er frammistaða heildarinnar sem skiptir höfuðmáli gagnvart viðskiptavinum.

GÆÐI

Okkur er treyst til að framleiða og dreifa matvælum til neytenda. Þessu trausti fylgir sú ábyrgð að vanda til verka. Standa undir nafni og styðja og styrkja það álit sem við njótum á markaði. Gott mannorð starfsfólks og fyrirtækis er gulls ígildi. Í allri starfsemi höfum við gæði að leiðarljósi með það að markmiði að gera hvern hlut aðeins einu sinni og gera hann rétt.

ÞJÓNUSTA

Þjónusta snýst um að viðskiptavinir fái vörur með réttum hætti. Að samskipti þeirra við félagið séu ánægjuleg og árangursrík og að mætt sé þörfum þeirra innan þeirra marka sem félagið setur sér. Þjónusta lýtur einnig að því að sjá fyrir þarfir viðskiptavina og bjóða þeim með þeim hætti aukin verðmæti í viðskiptum við félagið.

Þjónusta snýr einnig inn á við að eigendum og samstarfsfólki. Styrkir samvinnu og gerir kröfu um gagnkvæma virðingu í samskiptum jafnt inn á við sem út á við.

RÁÐDEILD

Við sýnum ráðdeild í rekstri og bruðlum ekki með fjármuni félagsins. Vinnuumhverfi og búnaður skal uppfylla ströngustu kröfur en ekki vera ofhlaðið eða bera með sér íburð.

Samstarfsmenn, eigendur og viðskiptavinir skulu sjá á öllu framferði okkar að vel sé farið með fjármuni. Hagkvæmni og ráðdeild skapa virðingu.





